

Kratus ehf.
v/Als, álvinnslu ehf.
Klafastaðavegi 4
301 Akranes

29. september 2017
UST201706-186/S.K.
08.03

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 13. júlí sl. þar sem tilkynnt var um áform stofnunarinnar að áminna Al, álvinnslu ehf. vegna frávíks frá starfsleyfi. Frávikið sem um ræðir eru vanskil á grænu bókhaldi.

Umhverfisstofnun hefur ekki borist grænt bókhald frá rekstraraðila. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila áminningu og krefst úrbóta, sbr. 2. tl. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, fyrir frávikið. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn grænt bókhald til og með 13. október 2017.

Sinni rekstraraðili ekki kröfum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður nú innheimt samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er kr. 26.400.**


Áminning þessi verður birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á svava.petursdottir@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri



Svava Pétursdóttir
lögfræðingur